

Með vísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1978 rétta.

Reykjavík, 27. febrúar 1979.

Björn Guðmundsson. Davíð Ólafsson. Óskar Vigfússon.

G. Jakobsson. Árni Benediktsson. Helgi Bergs.

Einar B. Ingvarsson.

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1978 hér með staðfestir.

Reykjavík, 20. mars 1979.

Kjartan Jóhannsson.

9. apríl 1979.

Nr. 173.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla.

1. Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 404/1978 um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla og gildir frá og með skólaárinu 1979—1980 þar til öðruvísi verður ákveðið. Auk þess vísast til aðalnámskrár grunnskóla svo og upplýsinga um kennslu í einstökum greinum sem skólum verða sendar.
2. Nemendastundir skiptast á námsgreinar og námsár eins og hér greinir:

	1. námsár	2. námsár	3. námsár
Móðurmál	16	16	18
Stærðfræði			
Samfélagsgreinar			
Kristinfræði			
Heimilisfræði*	4	4	6
Mynd- og handmennt			
Tónmennt			
Íþróttir**			
	22	22	26
	4. námsár	5. námsár	6. námsár
Móðurmál	21	23	25
Stærðfræði (5)			
Samfélagsgreinar			
Kristinfræði			
Raungreinar			
Danska, enska***	6	6	6
Heimilisfræði*			
Mynd- og handmennt			
Tónmennt			
Íþróttir**	2	3	3
	29	32	34

	7. námsár	8. námsár	9. námsár
Móðurmál	6	5	5
Stærðfræði	5	5	5
Danska	3	4	4
Enska	4	4	4
Samfélagsgreinar	14	14	
Kristinfræði			
Raungreinar			
Heimilisfræði			
Mynd- og handmennt			
Tónmennt			
Íþróttir**	3	3	3
Valgreinar			10—14
	35	35	31—35

* Gert er ráð fyrir að hver nemandi fái tilsögn í heimilisfræði sem nemur 4 st. á skólaárinu.

** Við ofangreinda íþróttatíma bætist sund.

*** Enska hefst á 6. námsári.

3. Auk þeirra stunda sem taldar eru í 2. tölulið hafa skólahverfi stundir til ráðstöfunar sem hér greinir:

a) Í skólahverfum þar sem 12 eða fleiri nemendur eru í bekk (einn aldursflokkur eða fleiri) reiknast stundir til skipta bekkjardeildum í verklegri kennslu í hlutfalli við nemendafjölda eins og hér segir:

Í 3.—5. bekk 1 stund á hverja 12 nemendur

í 6. bekk 1.5 stundir á hverja 12 nemendur

í 7.—8. bekk 2 stundir á hverja 12 nemendur.

Séu nemendur færri en 12 fær skólahverfið ekki skiptistundir skv. þessum staflið.

b) Stundir til ráðstöfunar sem nemur einni vikustund á hverja 24 nemendur í grunnskóla að svo miklu leyti sem þær rúmast innan hámarksákvæða 9. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla.

Bent skal á að tímabundin skipting bekkja getur verið hagkvæm, t. d. þegar byrjað er á nýrri námsgrein.

c) Stundir vegna valgreina í 9. bekk sem reiknast samkvæmt formúlunni fj. nem.

($\frac{\text{---}}{\text{---}} \div \text{fj. deilda}$) $\cdot 12 =$ st. til valgreina

17

Stundir til valgreina verða þó aldrei færri en 4 í skólahverfi.

4. Í öllum bekkjum er miðað við 40 mínútna kennslustundir. Þrátt fyrir þessa 40 mínútna viðmiðun er heimilt að hafa einstakar kennslustundir lengri eða skemmri, t. d. allt frá 20 mín. og upp í 80 mín. eftir því sem heppilegt er talið frá kennslufræðilegu sjónarmiði og með hliðsjón af þeim verkefnum sem unnið er að. Þess skal þó gætt að heildarfjöldi kenndra stunda á viku sé að jafnaði sá sem stundaskráin tilgreinir.

5. Ef ekki er unnt að halda uppi kennslu í grein vegna þess að ekki hefur fengist kennari í greininni eða vegna þess að aðstaða er ekki fyrir hendi, og útilokað að ráða bót á því, þá er heimilt að fengnu samþykki fræðslustjóra að nota þær stundir sem þessari grein eru ætlaðar til annarrar kennslu.

6. Fjöldi kennslustunda í einstökum greinum, sbr. 2. tölulið, er ekki tiltekinn nema í 7.—9. bekk í móðurmáli, stærðfræði, dönsku og ensku, og í íþróttum í öllum bekkjum sbr. reglugerð um iðkun leikfimi og annarra íþrótta í skólum nr. 204/1964.

Að öðru leyti er aðeins tiltekinn stundafjöldi í greinaflokkum og getur hver skóli um sig ákveðið kennslu í einstökum greinum innan þess ramma sem tilgreindur er. Í 1.—6. bekk er heimilt að færa stundir á milli greinaflokka og í 7.—9. bekk að færa stundir frá móðurmáli, stærðfræði, dönsku eða ensku til annarra greina ef nauðsyn krefur, t. d. vegna samþættingar greina. **Ekki er heimilt að fella niður kennslu í grein nema þá tímabundið.**

Um þau frávik sem tilgreind eru í þessum tölulið skal hafa samráð við hlutaðeigandi fræðslustjóra og námstjóra.

7. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum stundum til valgreina í 8. bekk. Þó er heimilt að gefa nemendum kost á þeim ef skólar telja að unnt sé að fullnægja markmiðum námskrár með færri stundum en tilgreint er í stundaskrárviðmiðuninni, sbr. 2. tölulið. Þetta skal þó ekki gert nema að höfðu samráði við fræðslustjóra.
8. Námsgreinum í 9. bekk er skipt í þrjá flokka, kjarna, bundið val og frjálst val eins og hér greinir.

Kjarni: móðurmál, stærðfræði, enska, danska og íþróttir. Allir nemendur skulu leggja stund á þessar greinar.

Bundið val: samfélagsgreinar 4 stundir
raungreinar 4 stundir

Nemendur **skulu velja** annað hvort samfélagsgreinar eða raungreinar. Einnig geta þeir valið báðar greinarnar og fækkað þá stundum fyrir frjálst val sem því nemur.

Frjálst val: heimilisfræði, mynd- og handmennt, kynning atvinnuvega, vélfræði, tækniteiknun, viðskiptagreinar, tónmennt — hljóðfæraleikur — kórstarf.

Einstakir skólar geta bætt við þennan lista ef þeir vilja gefa nemendum sínum kost á fleiri greinum.

Samtals geta nemendur tekið valgreinar sem nemur 10—14 stundum á viku.

Í valgreinum skal meðalfjöldi nemenda í námshópum eigi vera lægri en 17 og í einstökum hópum eigi færri nemendur en 12. Þó er bent á þann möguleika að í sumum tilvikum er unnt að steypa saman smærri nemendahópum þannig að nemendur fáið við ólík viðfangsefni undir umsjón sama kennara.

Tiltekið val í 9. bekk takmarkar ekki möguleika nemenda til framhaldsnáms að því tilskildu að þeir hafi fullnægt þeim lágmarkskröfum um námsárangur sem gerður er til inngöngu í framhaldsskóla.

9. Í sumum tilvikum er skylt að veita nemendum fræðslu um tiltekin efni sem ekki koma fyrir í námsefni einstakra greina. Má hér nefna bindindisfræðslu, sbr. áfengislög nr. 58, 24. apríl 1954, fræðslu um umferðarmál, sbr. umferðarlög nr. 40, 23. apríl 1968, fræðslu um kynlíf, sbr. lög nr. 25, 22. maí 1975, félagsmálafræðslu, sbr. reglugerð nr. 433/1977 um félagsstörf og félagsmálafræðslu í grunnskólum.

Þessa efnisþætti er unnt að kenna á námskeiðum eða í tengslum við aðrar námsgreinar og er ekkert við það að athuga þótt vikulegur fjöldi kennslustunda víki um skeið nokkuð frá því sem stundaskráin ákveður ef þess er gætt að meðalstundafjöldi hvers nemanda á viku yfir allt skólaárið sé sem næst því sem tilgreint er.

Þá skal leitast við að halda uppi kórstarfi svo og fjölbreyttu félagsstarfi. Stundir til þessarar starfsemi getur skóli tekið af kvóta sínum samkvæmt 10. og 14. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla.

10. Stærð aldursflokka er víða þannig að mikil óhagkvæmni verður í rekstri skóla ef viðmiðunarstundaskrá er fylgt nákvæmlega. Það skal því endurtekið að stundaskrána ber að skoða sem viðmiðun en ekki nákvæm fyriræli. Samkennsla mismunandi árganga, eða bekkjardeilda í sama árgangi í vissum greinum, er kennsluform sem víða er beitt með góðum árangri, bæði í litlum og stórum skólum. Þessi tilhögun gerir kröfu um aukna samvinnu kennara en býður upp á fjölbreytni og aukinn sveigjanleika í skólastarfi auk þess að þær stundir sem skólar hafa til ráðstöfunar nýlast í mörgum tilvikum betur. Ekki er unnt að gefa neinar algildar reglur í þessu efni og er nauðsynlegt að kennarar þreifri sig áfram um hagkvæmar leiðir.

Hér á eftir fer dæmi um hugsanlega stundaskrá fyrir skóla með fáa nemendur.

Nemendum er skipt í þrjár deildir, þ.e. yngri deild 7—9 ára, eldri deild 10—12 ára og unglingadeild 13—15 ára.

	y-deild	e-deild	u-deild
Móðurmál	16	8	5
Stærðfræði		5	5
Saga, félagsfr., landafr.		7	14
Kristinfræði			
Heimilisfræði			
Líffræði, eðlis- og efnafr.	5	6	4
Tónmennt			
Mynd- og handmennt			
Danska	2	3	4
Enska			4
Íþróttir			3
Valgreinar			
	23	32	35

Þegar kennsla hefst í ensku hjá 12 ára börnum verður að fella niður kennslu í annarri grein í staðinn. Sama gildir um valgreinar í unglingadeildum.

Með þessari skiptingu fá nemendur kennslu í jafnmargar vikustundir á 9 árum og stundaskráin gerir ráð fyrir.

Við framkvæmd kennslu í unglingadeild skal, þrátt fyrir þá uppsetningu sem hér er notuð, taka mið af 48. gr. grunnskólalaga. Jafnframt er vísað til síðustu málsgreinar 46. gr. sömu laga.

11. Námsstjórar menntamálaráðuneytisins, eða sérstakir trúnaðarmenn þess, leiðbeina við kennsluáætlanir, námsefni og kennslu í einstökum greinum. Rétt er að skólastjórar og kennarar snúi sér beint til þessara aðila eftir því sem þörf krefur og ástæða þykir til.
12. Minnt skal á að nemendum er heimilt að þreyta próf í norsku eða sænsku í stað dönsku. Þess er tæplega að vænta að grunnskólar geti að jafnaði boðið nemendum kennslu í öðru Norðurlandamáli en dönsku, en skólastjórar og kennarar eru beðnir að vera þeim nemendum, sem ekki læra dönsku, til aðstoðar við að skipuleggja sjálfsnám, eða annað nám sem þeir kunna að eiga kost á í því máli sem þeir leggja stund á.

13. Ákvæði laga um grunnskóla nr. 62/1974 um kennslutíma o.fl. koma ekki að fullu til framkvæmda fyrr en eftir nokkurn tíma, enda gerir 88. gr. laganna ráð fyrir því að lögin komi til framkvæmda „svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins, þó eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku.“

Að því er varðar vikulega stundaskrá nemenda í 1.—9. bekk grunnskóla og kennsluskipan innan ramma hennar koma ákvæði laga um grunnskóla til framkvæmda að því marki sem tilgreint er í aðalnámskrá grunnskóla og þessari auglýsingu.

14. Svo sem verið hefur er sveitarfélögum heimilt að setja á stofn og starfrækja forskóla, sbr. 74. gr. grunnskólalaga. Ráðstöfunarstundir til þessarar kennslu miðast við allt að 0.65 vikustundir á nemanda. Um forskólahald skal leita heimildar hlutaðeigandi fræðslustjóra.

Í menntamálaráðuneytinu, 9. apríl 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

27. apríl 1979.

Nr. 174.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 16 20. janúar 1978 um skotvopn og skotfæri.

1. gr.

2. gr. breytist þannig:

- a. Í stað „cal.“ í 1. tölul. komi: númer.
- b. 2. tölul. orðist svo: Rifflum cal. 22 (long rifle og minni), þó eigi sjálfvirkum eða hálf sjálfvirkum.
- c. 3. tölul. orðist svo: Loftskotvopnum.

2. gr.

3. gr. breytist þannig:

- a. Í stað „cal.“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: númer.
- b. 2. tölul. 1. mgr. orðist svo: Rifflum cal. 30 (7,62x63 mm) og með minni hlaupvídd, margskota, þó eigi sjálfvirkum eða hálf sjálfvirkum.
- c. 1. málsl. 5. mgr. orðist svo: Leyfi fyrir rifflum með meiri hlaupvídd en cal. 243 (6,1x52 mm) skal ekki veita nema í undantekningartilfellum og að jafnaði aðeins þeim, sem stunda veiðar stærri dýra, svo sem hreindýra.
- d. 6. mgr. orðis svo: Að jafnaði skal ekki veita leyfi fyrir haglabýssum sem taka fleiri en tvö skothylki.
- e. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hefur lögreglustjóri heimild til þess að veita leyfi fyrir hálf sjálfvirkum haglabýssum og rifflum, sem fluttir hafa verið til landsins fyrir gildistöku laga nr. 46/1977, til manna er fullnægja skilyrðum til að mega eiga skotvopn skv. þessari grein.

3. gr.

5. gr. orðist svo:

Lögreglustjóra er heimilt að veita bændum, sem eru ábúendur á lögbýlum, leyfi til að eiga hentugar hlaupstuttar einskota byssur (fjárbyssur) til aflifunar búfjár, enda sýni þeir fram á verulega þörf til að eiga slík skotvopn.